

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli nr. 176/2006, auglýsingu um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not nr. 38/2007 og 4. mgr. 8. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. nr. 76/2008, hefur utanríkisráðherra 8. apríl 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til þess hluta starfssvæðis Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. (svæðis C skv. lögum nr. 176/2006), sem er innan marka sveitarfélagsins Sandgerðisbæjar. Mörk breytingarsvæðisins koma fram á skipulagsupprætti.

Svæði opinberra stofnana, merkt S2 á skipulagsupprætti, verður áfram hluti varnarsvæðisins og aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2005-2025. Landnotkun þar breytist ekki enda er um að ræða öryggissvæði (svæði B skv. lögum nr. 176/2006).

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að landnotkun á þessu svæði samkvæmt aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 fellur niður. Landnotkunin var skilgreind sem opið svæði, verslunar- og þjónustusvæði, sorphirðusvæði, öryggissvæði flugumferðar, svæði á náttúruminjaskrá, vatnsverndarsvæði flokkur A og vatnsverndarsvæði grannsvæði. Jafnframt fellur úr gildi umfjöllun í greinargerð aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2005-2025 sem snýr að fyrrnefndu svæði.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, var samþykkt á fundi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 16. janúar 2009 og afgreidd af Skipulagsstofnun 11. mars 2009 til staðfestingar.

Aðalskipulagsbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 1. febrúar 2010.*

F. h. r.  
**Einar Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Ægir Óskarsson.*